

Ár 1981, þriðjudaginn 17. febrúar, var í málinu nr. 14/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 9. febrúar 1980, óskaði Lífeyrissjóður verksmiðjufólks eftir því við Fasteignamat ríkisins, að mat húseignarinnar nr. 37 við Síðumúla í Reykjavík yrði tekið til endurskoðunar, en kærandi á hluta nefndrar eignar. Með úrskurði Fasteignamats ríkisins, uppkveðnum 11. júní 1980, var húseigninni skipt upp með einstökum eigendum og hver hluti tekinn til sérstaks mats sem sjálfstæð fasteign, sbr. 2. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna. Niðurstaða úrskurðarins var sú, að eignarhluti kæranda var metinn á samtals kr. 125.517.000,-, þar af lóðarréttindi á kr. 10.039.000,-.

Með bréfi dags. 27. júní 1980, kærði Lífeyrissjóður verksmiðjufólks ofangreinda matsniðurstöðu samkvæmt úrskurði Fasteignamats ríkisins. Telur kærandi matið alltof hátt.


Gögn um gangverð eigna af því tagi, sem hér um ræðir, benda eindregið til þess, að húsmat sé of hátt ákveðið í fasteignamati, sbr. 17. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt því og öðrum atriðum, sem hér skipta máli, þykir mat mannvirkis hæfilega ákveðið kr. 79.679.000,-. Ekki verður fallist á, að rök séu til lækkunar lóðarmats.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Fasteignamat fasteignar kæranda, Lífeyrissjóðs verksmiðjufólks, að Síðumúla 37 í Reykjavík ákveðst kr. 89.718.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1979.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon